

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hólaskóli Hólum í Hjaltadal



|                     |                     |                         |                          |
|---------------------|---------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits      | 18.9.2025           | Ábyrgðarmaður eftirlits | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Fyrirtæki           | Hólaskóli           | Eftirlitsmaður          | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Heimili             | Hólar               | Tegund eftirlits        | Reglubundið              |
| Kennitala           | 500169-4359         | Flokkur                 | Fiskeldi                 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Kári Heiðar Árnason | ÍSAT nr.                | 03.22.0                  |
| Fulltrúi fyrirtækis |                     | Staðsetning             | 494922,721 581709,174    |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram í eftirlitinu. 1) Ársyfirliti var skilað seint. 2) Grænu bókhaldi var skilað seint. 3) Hættulegum efnum og umbúðum sem hafa innihaldið slík efni skal farga. 4) Aðeins ein frárennismæling var framkvæmd árið 2024. 5) Fosfórlusun var yfir mörkum starfsleyfis.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um landeiddisstöð fyrir bleikjueldi er að ræða, þar sem hámarkslífmassi í stöðinni má ekki fara yfir 600 tonn á hverjum tíma. Eldisaðstaða er bæði innan- og utandyra. Stöðin stendur við bakka Hjaltadalsár og rennur frárennslið í gegnum tvær settjarnir og þaðan út í Hjaltadalsá. Starfsleyfið gildir til 5. nóvember 2036.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Starfsleyfi rekstraraðila og skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir
- Skoðunarferð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

- Fjögur frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og hefur þeim öllum verið lokað.
- Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það því frávik. Ársyfirlitinu var skilað inn 3. október 2025 og er frávikin því lokað. Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það frávik, því var skilað inn 3. október 2025 og er frávikin lokað. Heildarframleiðsla ársins 2024 var 3.300 kg og fóðurnotkun 3.832 kg. Verið er að ala klakfisk.
- Fosfórlusun fyrir árið 2024 reiknaðist út frá fóðri 8,8 kg P/tonn og er það frávik þar sem losun má ekki fara yfir 7 kg P/tonn. Rekstraraðili á að mæla magn heildarfosförs og heildar köfnunarefnis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar í hámarksfóðrun og hins vegar í lágmarksfóðrun. Einungis var framkvæmd ein mæling árið 2024 og er það frávik.
- Farið var yfir áætlanir rekstraraðila. Rekstraraðili var hvattur til að uppfæra áætlanir og senda til eftirlitsaðila þegar uppfærslu er lokið.
- Gengið var um stöðina og umhverfið skoðað.
- Efnageymsla var fullnægjandi, en umbúðir utan af hættulegum efnum er í notuð til að geyma vatn og er það frávik.
- Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar

öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

| Frávik frá                       | Lýsing á fráviki                                                                                                                                                                                    |
|----------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| gr. 3.4 í starfsleyfi.           | Losun fosfórs var 8,8 kg P/tonn.                                                                                                                                                                    |
| Lög nr. 61/2013. gr.19 og gr.12. | Hættulegum efnum og umbúðum sem hafa innihaldið slík efni skal farga. Ávallt skal gæta varúðar við meðferð efnablanda og hluta sem innihalda efni þannig að ekki valdi tjóni á heilsu eða umhverfi. |
| gr. 4.3 í starfsleyfi.           | Einungis var ein sýnataka framkvæmd árið 2024 frá frárennsli.                                                                                                                                       |
| gr. 4.4 í starfsleyfi.           | Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. Ársyfirliti var skilað 3. október 2025 og er frávikinu því lokað                                                               |
| gr. 4.5 í starfsleyfi.           | Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, því var skilað inn 3. október 2025 og er frávikinu því lokað.                                                               |

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að uppfæra og endurskoða áætlanir.

## ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 20.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir